



Umsögn um hitaveitu í Suður-Skeiðahrepp,  
Árn.

**María Jóna Gunnarsdóttir**

**Greinargerð MJG-86-02**

UMSÖGN UM HITAVEITU Í SUÐUR SKEIÐAHREPP, ÁRN

Nokkuð lengi hafa verið uppi hugmyndir um að leggja hitaveitu á bæina á Suður-Skeiðum þ.e. Ólafsvallahverfið, Löngumýri, Arakot, Borgarkot, Kálfhól og Kílhraun. Athugaðir hafa verið möguleikar á að nota jarðhita frá Hlemmiskeiði, Brautarholti og frá Blesastöðum og var niðurstaðan að bora við Blesastaði.

Á Blesastöðum var fyrir borhola sem gaf 2 l/s af 74 C heitu vatni og var hún notuð til hitunar á Blesastöðum og Skeiðháholti. Sú hola er einungis fódruð með 5" fódurröri og nýttist því ekki sem dæluhola. Í júní síðastliðið ár, 1985, var hola 2 boruð við Blesastaði. Hún er 616 m djúp og fódruð í 104 m. Samkvæmt loftdælingu í lok borun má gera ráð fyrir að hola gefi 10 til 15 l/s af a.m.k. 74 C heitu vatni. Heildarkostnaður við borun holu 2 var 2,6 millj.kr.

Samkvæmt áætlun frá Úlfari Harðarsyni verktaka á Flúðum er kostnaður við hitaveitu á Suður-Skeið 5,3 Millj.kr. og er þá borkostnaður undanskilinn. Inni í þessum kostnaði er allt efni, lagnir, einangrun og vinna við lagningu röra. Einnig dætur, dæluhús, og niðursetning á djúpdælu. Öll verð miðast við verðlag í febrúar 1985. Samkvæmt frumáætlun sem gerð var á Jarðhitadeild um hitaveitu á þessa sömu bæi í maí 1984 áætlaðist heildarkostnaður hitaveitu með 400 m borholu, fært upp til verðlags í febr. 1985, 7,2 millj.kr. Kostnaður við holuna var áætlaður 1,6 millj.kr. Holan verður síðan 200 m dýpri og 1 millj.kr. dýrari. Vatnspörf hitaveitu er um 4 til 6 l/s.

Heildarkostnaður við hitaveitu verður því samkvæmt áætlun Úlfars með borun og öllum virkjunarkostnaði 7,9 millj.kr. og fyrir þessa 12 bæi verður það 658 þús.kr. á bæ. Fjármagnskostnaður hitaveitu á ári áætlast um 740 þús.kr. og auk þess rafmagnskostnaður og viðhald 270 þús.kr. Heildarorkupörf áætlast nú 710 MWh á ári og verður orkuverð því  $(740+270)/710 = 1,42$  kr/kWh. Á sama tíma var olíuverð u.þ.b. 1,70 kr/kWh og rafhitun á niðurgreiddum marktaxta 1,34 kr/kWh. Orkuverð hitaveitu verður því um 83% af olíuverði og síðan verður öll stækkun á veitunni til aukinnar hagkvæmni.